

Nd.

829. Nefndarálit

[340. mál]

um frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum, peninga- og lánsfjármálum 1984.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Minni hluti fjárhags- og viðskiptanefndar neðri deildar er skipaður fulltrúum Alþýðubandalagsins, Alþýðuflokksins og Bandalags jafnaðarmanna. Þingmaður Samtaka um kvennalista, Guðrún Agnarsdóttir, sem hefur tekið þátt í störfum fjárhags- og viðskiptanefndar, stendur einnig að þessu nefndaráliti.

Minni hlutinn er andvígur þeim tillögum sem felast í frumvarpi þessu um erlendar lántökur. Minni hlutinn bendir á eftirfarandi atriði:

Erlendar lántökur.

Með frumvarpinu er gert ráð fyrir því, að halli ríkissjóðs á þessu ári verði yfir einn milljarð króna. Þá er gert ráð fyrir því að auka erlendar lántökur um 2 milljarða króna eða um 68 millj. dollara. Þannig eru erlendar skuldir auknar verulega frá því sem gert hafði verið ráð fyrir, en ríkisstjórnin setti sér í upphafi ferils síns að draga úr erlendum skuldum frá því sem var þegar hún tók við. Það alvarlegasta við erlendu skuldirnar er að fjármunina á að nota til verkefna, sem ekki tengjast framkvæmdum af neinu tagi, heldur til almennra útgjalda:

1. Gert er ráð fyrir að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga taki erlent lán vegna uppgjörs á meðlagsskuldum Innheimtustofnunar sveitarfélaga við Tryggingastofnun ríkisins. Þetta er í fyrsta sinn sem Jöfnunarsjóði sveitarfélaga er ætlað að taka erlent lán.
2. Gert er ráð fyrir að 190 millj. kr. af hinni erlendu lántöku verði notaðar til húsnæðislána. Hefur húsnæðiskerfið aldrei fyrr komist í slíkar ógöngur að félagsmálaráðherra neyðist til þess að taka erlent lán.
3. Gert er ráð fyrir að verja 300 millj. kr. til þess að gera upp lausaskuldir sjávarútvegsins án þess að neitt liggja fyrir um það, hvernig þessu uppgjóri verði hagnað.
4. Í frumvarpinu er miðað við að tekið verði erlent lán að upphæð 80 millj. kr. til þess að gera upp lausaskuldir bænda.
5. Í frumvarpinu er ríkissjóði ætlað að taka lán til rekstrar svo nemur mörg hundruð milljónum króna. Má heita að erlenda lántakan handa ríkissjóði standist nokkurn veginn á við þá tekjustofna sem ríkissjóður hefur felld niður meðal annars með því að lækka skatta á fyrirtækjum frá því sem verið hefur. Þannig er í raun um það að ræða að ríkissjóður taki lán í erlendri mynt til þess að greiða skatta fyrirtækjanna í landinu.

Í þessu sambandi má minna á að sú aukning á erlendum skuldum, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, jafngildir útflutningsverðmætum fimmtungs þorskafurða ársins 1984 eins og horfur eru nú. Þá er fróðlegt að gera sér grein fyrir því, að tveggja milljarða skuldaaukning jafngildir verðmætasköpun 3500 vinnandi manna í heilt ár. Er þá miðað við að þjóðarframleiðslan sé um 66 milljarðar og fjöldi vinnandi manna um 117 þúsund manns. Þannig er bersýnilega verið að henda í súginn stórfelldum verðmætum vegna óstjórnar í ríkisfjármálum.

Pegar fjárlagafrumvarpið var til meðferðar bentu talsmenn stjórnarandstöðunnar á að þar vantaði bersýnilega hundruð milljóna króna. Viðurkenning fjármálaráðherra á gatinu stóra er til marks um það, að sú gagnrýni var á rökum reist. Þegar lánsfjárlögin voru til meðferðar bentu fulltrúar stjórnarandstöðuflokkanna einnig á að lánsfjárvandinn væri mun stærri en þar var gert ráð fyrir. Einnig þetta er nú viðurkennt af stjórnarliðinu.

Í frumvarpinu felst engin lausn á vanda ríkissjóðs. Vandanum velta menn á undan sér yfir á næstu ár og komandi kynslóðir með erlendum lántökum. Innan stjórnarliðsins gætir enda vaxandi óánægju með vinnubrögð stjórnarinnar. Þar er hver höndin upp á móti annarri. Þess vegna hefur dregist í tvo mánuði að stjórnin legði tillögur fyrir þingið. Þegar tillögurnar birtast kemur í ljós að ágreiningur er um einstakar tillögur innan stjórnarflokka. Auk þess sem einstakir ráðherrar hafa tafið meðferð málsins með því að senda frá sér tillögur án þess að stjórnarflokkarnir hafi samþykkt þær. Þannig lagði menntamálaráðherra fram tillögu til fjárhags- og viðskiptanefndar neðri deildar sem samdægurs var felld í öðrum stjórnarflokknum.

Auk þess er ljóst að frumvarpið hefur í för með sér hættu á aukinni verðbólgu frá því sem ella hefur verið gert ráð fyrir. Líkur eru á að þessi vandi fari vaxandi þegar líður á árið.

Félagsleg réttindi skert.

Hluti frumvarpsins fjallar sérstaklega um skerðingu á félagslegum réttindum. Þar er um að ræða niðurskurð á framlögum til félagslegrar þjónustu, sérstaklega til tannviðgerða og sjúkradagpeninga. Í bréfi frá forstjóra Tryggingastofnunar ríkisins kemur fram að niðurskurður sjúkradagpeninga kemur einkum niður á húsmæðrum, námsmönnum og verkafólki sem hefur ekki áunnið sér rétt til sjúkradagpeninga hjá atvinnurekanda. Af þessum ástæðum munu stjórnarandstöðuflokkarnir greiða atkvæði gegn þeim greinum frumvarpsins sem um þessi mál fjalla. Hins vegar munu stjórnarandstöðuflokkarnir greiða atkvæði með 11. gr. frv. sem fjallar um heimild til heilbrigðisráðherra til þess að gefa út gjaldskrá fyrir tannlækna. Þá munu flokkarnir styðja þær greinar sem eru framkvæmd á samkomulagi við aðila vinnumarkaðarins frá því í febrúarmánuði.

Við meðferð málsins í nefnd kom fram að það er ætlun ríkisstjórnarinnar að margfalda greiðslur sjúklinga til heilbrigðiskerfisins frá því sem verið hefur. Er gert ráð fyrir að á næstunni verði gefnar út reglugerðir um stórfelldar hækkunir lyfja og sérfræðigjalda, þar með talin röntgenþjónusta og göngudeildargjöld, og um hækkun á þjónustu heilsugæslulækna. Ekki er gert ráð fyrir minni hlutfallslegri hækkun á þessum gjöldum vegna aldraðra og öryrkja samkvæmt þeim upplýsingum sem þingnefndinni bárust frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu.

Árás á námslánakerfið.

Námsmenn verða fyrir sérstakri árás samkvæmt frumvarpinu. Þar virðist gert ráð fyrir að láns hlutfallið lækki í 60% á síðari hluta ársins frá þeim 95% sem hefur verið miðað við á fyrri hluta ársins. Er þá miðað við óbreyttan fjölda námsmanna og verðlagsforsendur sem tæplega standast. Er talið að námslán hafi ekki verið lægri en 60% í hálfan annan áratug.

Minni kaupmáttur.

Það kom fram í nefndinni að frumvarpið hefur í för með sér skerðingu á kaupmætti launa frá því sem gert var ráð fyrir þegar kjarasamningarnir voru gerðir. Í fylgiskjali með nefndaráliti þessu kemur á daginn að hagdeild ASÍ telur kaupmáttinn á 4. ársfjórðungi þessa árs verða 3,2% lakari en á síðasta fjórðungi s. l. árs. Það með er álitlegur hluti umsaminna kauphækkana aftur tekinn með þessum ráðstöfunum ríkisstjórnarinnar.

Sveitarfélög — bindiskylda.

Minni hlutinn er andvígur þeim ákvæðum sem fjalla um skerðingu á tekjustofnum sveitarfélaga, en þetta er í fyrsta sinn sem gert er ráð fyrir skerðingu á verðtryggðum tekjustofnum sveitarfélaganna.

Minni hlutinn mun greiða atkvæði gegn tillögunni um heimild til aukinnar bindiskyldu Seðlabankans en það er eitt þeirra mála sem ágreiningur er um í stjórnarflokkunum.

Uppgjöf stjórnarinnar.

Á fundi á Seltjarnarnesi í síðustu viku lýsti varaformaður Sjálfstæðisflokksins því yfir, að verulegar hættur væru fram undan vegna þeirrar erlendu lántöku sem frumvarp ríkisstjórnarinnar gerir ráð fyrir. Hann sagði að stjórnarsáttmálann yrði að endurskoða nú þegar ársafmæli ríkisstjórnarinnar er á næsta leiti. Hann benti einnig á að þrátt fyrir frumvarpið vantaði enn á að staðið yrði við yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar um útgjöld til ýmissa málaflokka. Betri lýsing á vinnubrögðum ríkisstjórnarinnar er ekki til.

Fyrir nákvæmlega einu ári slitnaði upp úr stjórnarmyndunartilraun Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins. Niðurstöðunni var lýst með þessari fyrirsögn í Morgunblaðinu 12. maí 1983: „**Samstaða um að rjúfa vísitölutengingu launa og verðlags en ágreiningur um framhaldið.**“ Svo virðist sem þetta eigi enn við. Flokkarnir náðu í fyrra saman um kauplækkun — þeir hafa ekki getað komið sér saman um nein önnur úrræði í efnahagsmálum. Ágreiningur er á milli þeirra um kerfisbreytingar í stjórnkerfinu og um allar helstu forsendur ríkisfjármála og peningamála. Í stað þess að viðurkenna uppgjöf sína ákveður stjórnin nú að vísa vandanum á framtíðina með stórfelldum erlendum lántökum. Það er niðurstaðan eftir eins árs stjórn Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins.

Alþingi, 10. maí 1984.

Guðmundur Einarsson,
fundaskr.

Svavar Gestsson,
frsm.

Kjartan Jóhannsson.

Fylgiskjöl.

Fylgiskjal I:	Um kaupmátt kauptaxta frá Hagdeild ASÍ.
Fylgiskjal II:	Um fjármál Lánasjóðs íslenskra námsmanna og lækkun námslána.
Fylgiskjal III:	Frá Stúdentaráði Háskóla Íslands.
Fylgiskjal IV:	Samhljóða samþykkt borgarráðs Reykjavíkur.
Fylgiskjal V:	Frá Tryggingastofnun ríkisins um lækkun sjúkradagpeninga.
Fylgiskjal VI:	Frá Framleiðsluráði landbúnaðarins.
Fylgiskjal VII:	Tillaga menntamálaráðherra um fækkun kennara.
Fylgiskjal VIII:	Greinargerð Verslunarráðs Íslands.
Fylgiskjal IX:	Umsögn Vinnuveitendasambands Íslands.

Fylgiskjal I.

Hagdeild ASÍ.

Kaupmáttur kauptaxta ASÍ.

4. ársfj. 1983 = 100.

		ASÍ í febr.	ASÍ í maí	PHS í maí	
1983	4.	100.0	100.0	100.0	
1984	1.	99.8	99.9	100.1	
	2.	100.7	99.1	99.6	
	3.	100.2	97.6	98.3	
	4.	99.5	96.8	97.9	
1984	Mt.	100.0	98.3	99.0	
1985	1.	100.5	97.4	99.1	
	Meðalh.	F-vísit.	26.2	29.5	28.9

Fylgiskjal II.

Sigurjón Valdimarsson.
07.05. '84.

Fjármál LÍN 1984.

Gjöld		Tekjur	
Námslán	572	Fjárveiting	400
Ferðastyrkir	42	Lántökur	258
Afb., vextir	70		
Rekstur o. fl.	8		
	692		
— Eigin tekjur	34		
Samtals:	658	Samtals:	658

Í áætlun sjóðsins, sem lögð var fyrir fjárveitinganefnd Alþingis í nóv. s. l., kom fram að áætluð fjárþörf umfram fjárlög væri 180.7 m. kr., þar af 168 m. kr. vegna lánveitinga og 7.8 m. kr. vegna lántökugjalda af lánum teknum á árinu 1984. Í þessari áætlun var miðað við 17% hækkun verðlags og gengis milli hausts '83 og hausts '84 og 8% fjölgun umsækjenda.

Jafnframt var þess getið að ef 25% víxillána yrði frestað eins og haustið 1983 mætti ýta 33 m. kr. yfir á árið 1985. Síðan hefur komið ákvörðun Alþingis um 95% lánshlutfall sem svarar ca. 30 m. kr. á árinu 1984. Eftir stendur þá fjárvöntun vegna námslána, 105 m. kr.

Fyrirspurn frá fjármálaráðuneytinu, nánar tiltekið Sigurði Þórðarsyni deildarstjóra, hef ég svarað þannig að fjárþörf vegna námslána 1984 sé a. m. k. 672 m. kr. miðað við 95% lánshlutfall, 25% umreikning tekna og frestun 25% fjárþarfar vegna víxillána á Íslandi.

Af þessum 672 m. kr. gerði ég ráð fyrir að 60% eða 402 m. kr. færu út vegna vorlána 1984 og 270 m. kr. vegna haustlána.

Nú er úthlutun vorlána að mestu lokið og þegar búið að afgreiða 370 m. kr. og eftir ca. 32 m. kr. þannig að spáin varðandi vorlán hefur staðist nokkuð vel. Fjárbörfin á haustmisseri er áætluð 270 m. kr. og til ráðstöfunar eru 170 m. kr., þ. e. fjárveiting vegna námslána 572 m. kr. — vorlán 402 m. kr.

Fjárvöntun er því 100 m. kr. vegna námslána og 12.7 m. kr. vegna annars. Eins og áður hafa þessar tölur verið nefndar með fyrirvara um þróun verðlags og gengis og fjölgun umsækjenda.

Fjárbörf umsækjenda í haust er áætluð 284 m. kr. 95% lána er 270 m. kr.
60% lána er 170 m. kr.

Fjölgun umsækjenda milli námsáranna '82—'83 og '83—'84 var 13%.

Fylgiskjal III.

SHÍ STÚDENTARÁÐ HÁSKÓLA ÍSLANDS Reykjavík 08.05 1984.

Virðulegi alþingismaður.

Ályktun hagsmunanefndar Stúdentaráðs Háskóla Íslands vegna ákvæða um Lánasjóð íslenskra námsmanna í frumvarpi ríkisstjórnarinnar um ráðstafanir í ríkisfjármálum:

Hagsmunanefnd Stúdentaráðs Háskóla Íslands varar stórlega við 2. gr. frumvarpsins um að ekki skuli veitt meira fjármagni en þegar hefur verið ákveðið til Lánasjóðs íslenskra námsmanna. Hagsmunanefnd Stúdentaráðs Háskóla Íslands fær ekki séð að þessi áætlun standist, verði eftir sem áður lánað 95% af fjárbörf á haustmánuðum. Það er krafa hagsmunanefndar að ríkið standi við þær lagalegu skuldbindingar sem það hefur tekið á sig gagnvart Lánasjóði íslenskra námsmanna og námsmönnum og trúir því ekki að ríkisvaldið hyggist brjóta þau lög eða breyta þeim námsmönnum í óhag.

Lánasjóður íslenskra námsmanna er eitt öflugasta tækið til að tryggja jafnrétti til náms hér á landi og því frumkrafa að hann fái valdið hlutverki sínu. Hagsmunanefnd skorar því á menntamálaráðherra og alþingismenn að sjá til þess að staðið verði þannig að málum að Lánasjóður íslenskra námsmanna uppfylli þær lögbundnu kröfur sem hann ber gagnvart námsmönnum. Verði 2. gr. frumvarpsins um ráðstafanir í ríkisfjármálum látin standa óbreytt er ljóst að Lánasjóður íslenskra námsmanna mun ekki uppfylla þessi skilyrði og þar með væri höggvið stórt skarð í fjárhagslegt öryggi námsmanna.

Fylgiskjal IV.

BORGARSTJÓRINN Í REYKJAVÍK Reykjavík, 8. maí 1984.

Hr. forsætisráðherra Steingrímur Hermannsson,
Stjórnarráðshúsinu,
Reykjavík.

Á fundi borgarráðs í dag var samþykkt svohljóðandi tillaga:
Borgarráð Reykjavíkur varar alvarlega við því að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga verði skertur.

Jöfnunarsjóðurinn er eini tekjustofn sveitarfélaganna, sem fylgt hefur verðlagi á fjárhagsárinu, en allir aðrir megintekjustofnar sveitarfélaganna eru bundnir við fasta álagningu, sem miðast við verðlag og tekjur ársins áður.

Með því að festa greiðslur í Jöfnunarsjóð að hámarki við þá krónutölu, sem áætluð er í fjárlögum (eða aðra fasta krónutölu), er alvarlega vegið að fjárhagsöryggi sveitarfélaganna, þar sem allir megintekjustofnarnir yrðu þá bundnir og ekkert svigrúm til staðar ef til verðlagshækkana kemur á fjárhagsárinu.

Borgarráð mótmælir því harðlega að fjárhagsvandi ríkissjóðs sé leystur með því að velta honum að hluta yfir á sveitarfélögin.

Davíð Oddsson.

Fylgiskjal V.

TRYGGINGASTOFNUN RÍKISINS
Reykjavík, 8. maí 1984.

Hr. alþm. Svavar Gestsson,
Alþingi.

Vegna fyrirspurna þinna, sem til mín bárust frá tryggingayfirlækni með beiðni um skjót svör, fór undirritaður þess á leit við deildarstjóra sjúkratryggingadeildar, Kristján Guðjónsson, sem gleggstar upplýsingar hefur um þau atriði, sem spurt var um, hér á stofnuninni, að hann gerði í skyndi athugun á málinu. Fara svör hans hér á eftir:

Breytingar á reglum sjúkradagpeninga, eins og þær eru fyrirhugaðar í „bandorminum“, koma helst niður á eftirtöldum hópum:

- 1) húsmæðrum,
- 2) skólanemum,
- 3) þeim launþegum, sem nýlega hafa hafið störf, og
- 4) á atvinnurekendum sjálfum.

Svo sem fram kemur fyrr er hér um algjöra skyndiathugun að ræða og ber að skoða svörin í ljósi þess. Lengri tíma hefði þurft til þess að fá nákvæm og fullnægjandi svör við spurningum þessum, en þrátt fyrir tímaskort er það von Tryggingastofnunar ríkisins, að í punktum þessum finnist vísbendingar.

Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir í dag tókst mér ekki að ná til þín í síma Alþingis, sagður vera lokaður inni á fundi.

Aðrar spurningar, sem beint var til tryggingayfirlækni, eru í athugun og vinnslu að hans fyrirsögn.

Virðingarfyllst,
Eggert G. Þorsteinsson,
forstjóri.

Fylgiskjal VI.

Frá Framleiðsluráði landbúnaðarins.

Áætlaður samdráttur í sölu búvara vegna lækkunar á niðurgreiðslum í mars 1984.

Mjólk og mjólkurvörur:

Nýmjólk	463 þús. lítrar
Rjómi	335 þús. lítrar (umreiknað í nýmjólk)
Ostur	483 þús. lítrar (umreiknað í nýmjólk)
Samtals:	1 300 þús. lítrar miðað við nýmjólk

Dilkakjöt

260 tonn

Nautakjöt

84 tonn

Áætlaður samdráttur í sölu búvara ef allar niðurgreiðslur féllu niður.

Mjólk og mjólkurvörur:

Nýmjólk	1 110 þús. lítrar
Rjómi	1 333 þús. lítrar (umreiknað í nýmjólk)
Smjör	2 816 þús. lítrar (umreiknað í nýmjólk)
Ostur	490 þús. lítrar (umreiknað í nýmjólk)
Samtals:	5 749 þús. lítrar miðað við nýmjólk

Dilkakjöt

1 019 tonn

Nautakjöt

84 tonn

Framleiðsla, ráðstöfun og birgðir kindakjöts sept.-mars.

	1982/83	1983/84	Mismunur	%
	kg	kg	kg	
Birgðir 1. sept.				
Dilkar	1 411 907	2 672 489	1 259 582	89,1
Fullorðið	617 020	410 546	-206 474	-33,5
	<u>2 029 927</u>	<u>3 083 035</u>	<u>1 053 108</u>	<u>51,9</u>
Slátrun				
Dilkar	11 524 873	11 048 557	-476 316	-4,1
Fullorðið	2 237 166	1 930 594	-306 572	-13,7
	<u>13 762 039</u>	<u>12 979 151</u>	<u>-782 888</u>	<u>-5,7</u>
Sala				
Dilkar	5 065 084	5 275 793	210 709	4,2
Fullorðið	1 192 608	1 124 576	-68 032	-5,7
	<u>6 257 692</u>	<u>6 400 369</u>	<u>142 677</u>	<u>2,3</u>
Útflutt				
Dilkar	1 303 000	2 194 698	891 698	68,4
Fullorðið	379 446	366 531	-12 915	-1,9
	<u>1 682 446</u>	<u>2 561 229</u>	<u>878 783</u>	<u>52,2</u>

Framleiðsla, ráðstöfun og birgðir kindakjöts sept.-mars.

	1982/83	1983/84	Mismunur	%
	kg	kg	kg	
Rýrnun				
Dilkar	116 884	114 679		
Fullorðið	26 779	953		
	<u>143 623</u>	<u>115 632</u>		
Birgðir 31. mars				
Dilkar	6 451 852	6 135 876	315 876	4,9
Fullorðið	1 255 353	849 080	-406 273	32,4
	<u>7 707 205</u>	<u>6 984 956</u>	<u>722 249</u>	<u>9,4</u>
	Frl. 82	Frl. 83		
Sala sept. — mars				
Dilkar	3 855 898	2 745 368		
Fullorðið	715 565	730 747		
	<u>4 571 463</u>	<u>3 476 115</u>		
Birgðir 31. mars 1984 af framl. 1982				
Dilkar		19 832		
Fullorðið		37 093		
		<u>56 925</u>		

Reykjavík 18. apríl 1984.
Framleiðsluráð landbúnaðarins.

Fylgiskjal VII.

Tillaga menntamálaráðherra.

Breytingartillögur

við frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum.

Á eftir 15. gr. frumvarpsins komi tvær nýjar greinar, er verði 16. og 17. gr. frv. (Töluröð annarra greina breytast skv. því):

- Í stað orðanna „1.—6. bekkjar“, sem eru innan sviga í 47. gr. grunnskólalaga nr. 63/1974, komi: 1.—7. bekkjar.
48. gr. grunnskólalaga orðist svo:

Til þess að 8.—9. bekk grunnskóla verði haldið uppi í skólahverfi, má meðalfjöldi nemenda í aldursflokki ekki vera minni en 12, nema að fenginni heimild menntamálaráðuneytisins.

Greinargerð.

Til þess m. a. að koma við breyttum skipulagsháttum, sem leiða til aukins sparnaðar og aukins svigrúms skólahalds í dreifbýli, er felld niður fyrri málsgrein 48. gr. laga um

grunnskóla nr. 63/1974, þar sem segir að í 7.—9. bekk grunnskóla skuli deildir ekki vera færri en aldursflokkar.

Reynslan hefur sýnt að unnt er að koma við samkenslu með góðum árangri í 7.—9. bekk ekki síður en öðrum bekkjum grunnskóla, en núverandi ákvæði koma í veg fyrir slíka kennsluskipan. Þó er kveðið á um að nemendafjöldi í aldursflokki 8. og 9. bekkjar sé ekki minni en 12.

Breytingin í 47. gr. er gerð til samræmis við ákvæði 48. gr.

Fylgiskjal VIII.

VERSLUNARRÁÐ ÍSLANDS.

7. maí 1984.

Efni: Ályktun um boðaðar ráðstafanir í ríkisfjármálum.

Á fundi stjórnar Verslunarráðs Íslands 7. maí 1984 var eftirfarandi ályktun samþykkt: Stjórn Verslunarráðs Íslands varar við afleiðingum þess að taka stórfelld erlend lán til að rétta af fyrirsjáanlegan halla á ríkissjóði, svo sem boðað hefur verið. Slík lántaka er engin lausn á fjárhagsvanda ríkissjóðs. Vandanum er aðeins slegið á frest og framvindu efnahagsmála teflt í tvísýnu.

Söfnun eyðsluskulda í útlöndum ýtir undir þenslu í efnahagslífinu og getur því kippt grundvellingnum undan þeim árangri, sem náðst hefur í baráttunni við verðbólguna. Slíkt atferli er ekki síst alvarlegt í ljósi þess, að fólk og fyrirtæki hafa lagað útgjöld sín að samdrætti í efnahagslífinu. Sömu kröfur um aðhaldssemi verður að gera til ríkisvaldsins. Jafnvægi í efnahagslífinu verður ekki fest í sessi nema gætt sé aðhaldssemi í fjármálum ríkisins og frjálsræði verði aukið í verðlagsmálum, vaxtamálum og gengismálum.

Stjórn Verslunarráðsins vill því hvetja til þess að breytt verði um stefnu og fjárhagsvanda ríkissjóðs verði að fullu mætt með sparnaði og sölu ríkisfyrirtækja.

Greinargerð

með ályktun stjórnar Verslunarráðs Íslands frá 7. maí um boðaðar aðgerðir í ríkisfjármálum.

Traust og væntingar eru mikilvægir þættir í stjórn efnahagsmála. Ef almenningur ber traust til efnahagsstefnunnar er auðveldara að ná settu marki, og ef menn vænta þess að verðbólgan hjaðni haga menn sér í samræmi við það. Greinilegt er að efnahagsstefna ríkisstjórnarinnar hefur notið trausts og landsmenn hafa verið tilbúnir til að taka á sig fórnir og skorið niður útgjöld til þess að árangur gæti náðst. Þess er þá einnig vænst að ríkisstjórnin sjálf skeri niður útgjöld og lagi sig að breyttum aðstæðum.

Ef ríkisstjórnin er ekki tilbúin til að gera það sem hún ætlast til af þegnum grefur það undan trausti þeirra á efnahagsstefnunni og trúnni á að sigur hafi náðst í baráttunni við verðbólguna. Nú þegar eru teikn á lofti um að gamli verðbólguhugsunarhátturinn sé að ryðja sér til rúms á nýjan leik og eyðsla komi í stað aðhalds. Þess vegna er það úrslitaatriðið um árangur í efnahagsmálum, að ríkisstjórninni takist að skera niður útgjöld svo ekki verði halli á ríkissjóði á þessu ári, en mæti ekki vandanum með lántökum.

Innan fjárlaga 1984 er verulegt svigrúm til sparnaðar. Í því sambandi má t. d. nefna 148 milljóna króna framlag til niðurgreiðslu á vaxta- og geymslukostnaði landbúnaðarvara, enda

er óeðlilegt að greiða niður fjármagnskostnað. Slíkt ýtir undir offramleiðslu og birgðasöfnun sem er ærin fyrir. Þetta er aðeins eitt dæmi af mörgum sem nefna mætti.

Enn fremur skal bent á þann möguleika að afla tekna annars vegar með sölu hlutabréfa ríkissjóðs og hins vegar með sölu ríkisfyrirtækja. Nafnvirði hlutabréfaeignar ríkissjóðs í einkafyrirtækjum var um 234 milljónir króna í lok síðasta árs og eiginfjárstaða þriggja eignamestu ríkisfyrirtækja var 592 milljónir króna í árslok 1982. Ef ríkisvaldið seldi þessar eignir væri fjárhagsvandinn leystur án þess að til erlendar skuldasöfnunar þyrfti að koma. Einnig yrði þá ónaðsynlegt að beita þeirri ranglátu leið að skerða lánaþyrirgreiðslu til atvinnulífsins með hækkun bindiskyldu til þess að draga úr þenslu, sem eingöngu stafar af því, að ríkisvaldið eyðir um efni fram.

Fylgiskjal IX.

VINNUVEITENDASAMBAND ÍSLANDS
Reykjavík, 10. maí 1984.

Fjárhags- og viðskiptanefnd
neðri deildar Alþingis
Alþingishúsinu.
101 Reykjavík.

Frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum, peninga- og lánsfjármálum 1984.

Vinnuveitendasamband Íslands lýsir áhyggjum sínum yfir þeim viðbrögðum við vanda ríkissjóðs, sem koma fram í þessu frumvarpi. Með því að taka erlend lán í þeim mæli, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, og með því að horfur eru á að frekari lántökur erlendis verði nauðsynlegar, t. d. vegna skuldbreytinga í sjávarútvegi, þá er verið að stofna í hættu þeim árangri sem náðst hefur í lækkun verðbólgu og að draga úr viðskiptahalla við útlönd.

Þegar erlent lánsfé kemur inn í hagkerfið í þessum mæli hefur það þensluáhrif, skapar hættu á launaskriði, verðbólgu og erfiðleikum fyrir samkeppnis- og útflutningsgreinarnar, sem eru einmitt þær atvinnugreinar, sem treyst er á að bera uppi aukna verðmætasköpun og hærri þjódartekjur. Verða því líkur til þess, að óverjandi þrýstingur myndist á gengi íslensku krónunnar. Atvinnulífið býr nú við hærri raunvexti en um árabíl og hefur þrátt fyrir það og minnkandi kaupmátt haldið uppi nánast fullri atvinnu á síðustu misserum. Eftirspurn útflutnings- og samkeppnisgreinanna eftir vinnuafli mun hins vegar líklega slakna þegar líða tekur á árið því að auk afleiðinga þenslunnar kemur aðhaldið, sem beita á í peningamálum, helst við þessar greinar, þ. e. hækkun bindiskyldu og lækkun afurðalánahlutfalls.

Vinnuveitendasambandið telur hættu á því að verðbólga á árinu verði nokkru meiri en Þjóðhagsstofnun gerir ráð fyrir, ef ekki verður meira að gert, þrátt fyrir að samningsbundnar launahækkningar verði ekki meiri en þegar hefur verið um samið og þrátt fyrir að gengisforsendur ríkisstjórnarinnar standist. Meginmunurinn varðandi hugmyndir um þróun verðbólgunnar felst í því, að Vinnuveitendasambandið óttast að þenslan leiði til vaxandi verðbólgu á síðasta hluta ársins en ekki fallandi eins og Þjóðhagsstofnun spáir. Þá telur Vinnuveitendasambandið að laun hafi hækkað heldur meira við nýgerða kjarasamninga en Þjóðhagsstofnun miðar við, þannig að kaupmáttur verði svipaður eða ívið meiri en Þjóðhagsstofnun reiknar með.

Virðingarfyllt,
Magnús Gunnarsson.